

Fimmtudaginn 16. janúar 1997.

Nr. 277/1996.

Þorfinnur Guðnason

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

gegn

Andrá ehf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Leigusamningur. Vinnusamningur. Aðild. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1996 og krefst aðallega sýknu af kröfu gagnáfrýjanda, en til vara, að hún verði lækkuð. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti með stefnu 22. október 1996. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en um málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjanda á báðum dómstigum.

I.

Í málinu leitar gagnáfrýjandi dóms á hendur aðaláfrýjanda um skuld samkvæmt reikningi frá 6. júní 1994. Með reikningnum var aðaláfrýjandi krafinn annars vegar um greiðslu 378.000 króna í leigu fyrir kvikmyndatökuvél og aukahluti vegna svonefndrar virkrar notkunar á því leigða í 94,5 daga á 270 daga tímabili eða 4.000 krónur fyrir hvern dag. Hins vegar var með reikningnum krafist greiðslu á 97.500 krónum fyrir vinnu í 13 daga við töku kvikmyndar um Húsey við Héraðsflóa eða sem svarar 7.500 krónum á hvern dag. Við þessar fjárhæðir lagði gagnáfrýjandi virðisaukaskatt, að fjárhæð 116.497 krónur. Nam því heildarfjárhæð reikningsins 591.997 krónum.

Í málalíbúnaði gagnáfrýjanda er umræddur reikningur skýrður á þann hátt, að hann hafi í tengslum við gerð fyrrnefndrar kvikmyndar leigt aðaláfrýjanda kvikmyndatökuvél og aukahluti frá því í maí

1991, en munum þessum hafi aðaláfrýjandi skilað 18. október 1992. Þá er þar einnig til þess vísað, að framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda, Kári Schram, hafi unnið í 13 daga að áðurgreindri kvikmyndatöku fyrir aðaláfrýjanda í maí 1991. Kveður gagnáfrýjandi svo hafa verið um samið milli sín og aðaláfrýjanda, að greiðsla fyrir þetta yrði ekki innt af hendi, fyrr en aðaláfrýjanda hefði tekist að ljúka gerð kvikmyndarinnar og selja hana til sýningar.

II.

Fyrir Hæstarétti eru varnir aðaláfrýjanda gegn reikningskröfu gagnáfrýjanda meðal annars reistar á aðildarskorti. Heldur aðaláfrýjandi því fram, að hann hafi engin lögskipti átt við gagnáfrýjanda, heldur fyrrnefndan Kára Schram.

Í munnlegri skýrslu Kára Schram fyrir héraðsdómi kom meðal annars fram, að hann liti á sig og gagnáfrýjanda í raun sem einn og sama aðila. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur ekki verið rökstutt, að það geti skipt máli fyrir réttarstöðu hans, hvort gagnáfrýjandi eða Kári sæki reikningskröfuna, sem hér um ræðir, á hendur honum. Þá hefur aðaláfrýjandi ekki vefengt, að reikningurinn hafi verið gefinn út í nafni gagnáfrýjanda með vitund og vilja Kára. Hafi gagnáfrýjandi ekki frá öndverðu verið viðsemjandi aðaláfrýjanda, þykir því, hvað sem öðru líður, mega líta svo á, að við útgáfu reikningsins hafi Kári framselt gagnáfrýjanda þau réttindi, sem reikningurinn var gerður fyrir. Verður þegar af þessum ástæðum hafnað kröfu aðaláfrýjanda um sýknu vegna aðildarskorts.

III.

Í málinu er óumdeilt, að fyrrnefndur Kári Schram fór ásamt aðaláfrýjanda og aðstoðarmanni til Húseyjar í maí 1991 til að vinna þar að töku kvikmyndar. Höfðu þeir meðferðis tvær kvikmyndatökuvélar. Kári mun hafa tekið þar myndir með vélinni, sem í málinu er krafist leigu fyrir. Ekki er ágreiningur um, að þegar Kári hélt aftur til Reykjavíkur, varð kvikmyndatökuvélin eftir hjá aðaláfrýjanda, sem dvaldist áfram í Húsey.

Meðal gagna málsins er bæklingur til kynningar á kvikmynd aðaláfrýjanda um Húsey, sem virðist hafa verið gerður á vegum hans veturinn 1991 til 1992, á meðan vinnu að kvikmyndinni var enn

ólókið. Aðaláfrýjanda er getið í bæklingnum sem framleiðanda myndarinnar ásamt tilteknu firma hans og erlendum manni. Kára Schram er þar hins vegar getið meðal kvikmyndatökumanna. Þegar í þessu ljósi eru ekki efni til að fallast á þá staðhæfingu aðaláfrýjanda, að Kári hafi átt að verða einn af framleiðendum kvikmyndarinnar og hafi sem slíkur leyst af hendi framangreinda vinnu og lagt til kvikmyndatökuvél án þess að geta vænst fyrir það launa og leigu.

Eins og áður segir, deila málsaðilar ekki um, að aðaláfrýjandi naut vinnuframlags úr hendi Kára Schram í maí 1991 og að fyrrnefnd kvikmyndatökuvél hafi þá verið notuð í þágu aðaláfrýjanda, sem hafði hana síðan áfram undir höndum. Aðaláfrýjandi hefur ekki sannað, að samið hafi verið um, að honum yrði látið þetta í té án endurgjalds, en fyrir staðhæfingu um slík óvenjuleg samningskjör í atvinnustarfsemi verður hann að bera sönnunarbyrði. Verður því lagt til grundvallar, að ætlast hafi verið til, að aðaláfrýjandi greiddi fyrir vinnuna og þau umráð yfir kvikmyndatökuvél, sem hér um ræðir.

IV.

Í skýrslu fyrir héraðsdómi bar aðaláfrýjandi, að Kári Schram hefði unnið 11 daga að kvikmyndatöku í Húsey á fyrrgreindum tíma og auk þess dvalist þar einn dag, þegar aðstæður voru ekki til vinnu. Eftir þetta hafi Kári haldið til Reykjavíkur. Ekki eru efni til annars en aðaláfrýjanda verði gert að greiða laun vegna alls umrædds dvalartíma Kára í Húsey auk eins dags vegna ferðar hans þaðan, samtals 13 daga, eins og reikningur gagnáfrýjanda hljóðar um.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að hann hafi í júní 1991 skilað Kára Schram kvikmyndatökuvélinni, en hún hafi að auki verið ónothæf vegna bilunar, á meðan aðaláfrýjandi hafði hana undir höndum. Þá hafi hann fengið vélina lánaða að nýju hjá Kára stuttan tíma í mars 1992 og látið meðal annars gera við hana á eigin kostnað í það sinn. Í gögnum málsins er ekkert til stuðnings þessum fullyrðingum aðaláfrýjanda um, hvenær hann hafði umráð yfir vélinni. Telja verður aðaláfrýjanda hafa staðið nær að tryggja sönnun fyrir skilum á vélinni en gagnáfrýjanda að leitast við að sýna fram á hið gagnstæða. Er því ekki annað unnt en leggja til grundvallar staðhæfingu gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjandi hafi ekki skilað kvik-

myndatökuvélinni fyrr en 18. október 1992. Í reikningi gagnáfrýjanda er, sem áður segir, aðeins krafist greiðslu fyrir hluta þess tíma, sem samkvæmt þessu verður að telja vélina hafa verið í umráðum aðaláfrýjanda, 94,5 daga. Verður sá dagafjöldi því lagður til grundvallar við úrlausn málsins.

Aðaláfrýjandi hefur meðal annars borið því við, að óréttmætt sé að gera sér að greiða leigu fyrir umrædda kvikmyndatökuvél þann tíma, sem gagnáfrýjandi krefst, þar sem hún hafi ekki komið að notum vegna bilunar. Fyrir þessu hefur hann ekki fært viðhlítandi sönnur. Auk þess hefði honum verið í lófa lagið að firra sig skyldu til leigugreiðslu með því að skila vélinni, þegar hann kveður bilunar hafa orðið vart sumarið 1991. Kemur þessi mótbára því aðaláfrýjanda ekki að haldi.

V.

Af hálfu gagnáfrýjanda er á því byggt, að þegar samið var við aðaláfrýjanda um fyrrgreinda vinnu og leigu, hafi ekki verið ákveðin fjárhæðin, sem hinum síðarnefnda bæri að greiða, heldur hafi verið við það miðað, að endurgjaldið skyldi ráðast af töxtum, sem kvikmyndagerðarmenn legðu til grundvallar í viðskiptum sínum. Gagnáfrýjandi hefur meðal annars lagt fram gjaldskrá tiltekins kvikmyndafélags fyrir útselda vinnu og leigu á tækjum. Í gjaldskrá þessari, sem er frá ágúst 1988, er kveðið á um nokkru hærra gjald fyrir útleigu kvikmyndatökuvéla og vinnu kvikmyndatökumanna en lagt er til grundvallar í reikningi gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi hefur hvorki hnekktt fyrrgreindri staðhæfingu gagnáfrýjanda um efni samninga að baki reikningi hins síðarnefnda né sýnt fram á, að áskilið endurgjald sé þar ósanngjarnt. Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup verður aðaláfrýjanda því gert að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð reikningsins, sem um er deilt í málinu, en engin efni eru til að fallast á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi með tómlæti glatað rétti til að krefjast þessarar greiðslu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest að öðru leyti en um málskostnað, sem aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar er ákveðið í einu lagi í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Þorfinnur Guðnason, greiði gagnáfrýjanda, Andrá ehf., samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 12. apríl sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. ágúst 1994. Upphaflega gekk dómur í máli þessu 21. apríl 1995, en Hæstiréttur felldi þann dóm úr gildi 12. september sl.

Stefnandi er Andrá-kvikmyndagerð hf., kt. 440989-1799, Baldursgötu 8, Reykjavík.

Stefndi er Þorfinnur Guðnason, kt. 040359-5919, Vegghömrur 41, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 591.997 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. júní 1994 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði ásamt fyrirsvarsmanni stefnanda, Kára Schram, dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum reikningi.

Til vara krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að stefnandi verði ásamt nefndum fyrirsvarsmanni dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði ásamt fyrirsvarsmanninum dæmdur til greiðslu álags á málskostnað með vísan til 2., 3. og 4. tl. 131. gr. laga nr. 91/1991 og til greiðslu réttarfarssakta með vísan til e-liðar 1. tl., 2. og 3. tl. 135. gr. laga nr. 91/1991 vegna órökstuddra ásakana á hendur stefnda um þjófnad í aðilaskýrslu, sem fram hefur verið lögð í málinu.

Málavextir.

Stefndi er kvikmyndagerðarmaður og hóf vorið 1991 töku náttúrulífsmyndar við bæinn Húsey við Héraðsflóa. Í upplýsingabæklingi um gerð myndarinnar kemur fram, að framleiðendur hennar séu auk stefnda kvikmyndafélagið Villingur og Leif Stubkjær. Kvikmyndatökumenn eru sagðir vera stefndi, nefndur Leif og Kári Schram, forsvarsmaður stefnanda. Í

kostnaðaráætlun, er fylgir bæklingnum, er Kári tilgreindur sem kvikmynda-tökumaður auk stefnda og Gunnars Helgasonar, en framleiðendur eru sagðir vera Villingur og stefndi.

Kári Schram hefur lýst málavöxtum á þá leið, að þegar taka myndarinnar hafi borist í tal á milli hans og stefnda, hafi svo um samist þeirra á milli, að stefndi fengi leigða kvikmyndatökuvél hjá stefnanda. Ekki hafi hins vegar verið gert ráð fyrir greiðslum, fyrr en myndin væri tilbúin og stefnda hefði tekist að selja hana. Þá hafi og verið samið um það þeirra í milli, að Kári kæmi með stefnda í fyrstu ferðinni að Húsey og aðstoðaði hann, enda kunni hann á vélina. Sömu skilmálar áttu að gilda um laun Kára og um leiguna. Greiðslur átti að inna af hendi, þegar stefnda hefði tekist að selja myndina.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi hvorki leigt kvikmyndavélina né ætlað að greiða Kára Schram laun fyrir vinnu hans. Samningur þeirra hafi verið þannig, að þeir hafi ætlað að standa að myndatökunni saman, en þeir hafi þá verið vinir allt frá æskuárum og gengið saman í kvikmyndaskóla. Hvor um sig hafi átt að gefa vinnu sína og leggja fram tæki. Eitthvað hafi hins vegar slest upp á vinskapið í Húsey, Kári farið og hætt við að taka þátt í gerð myndarinnar.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi vísar til reiknings síns, að fjárhæð 591.997 kr., vegna leigu á Eclair NPR kvikmyndatökuvél. Hann kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli. Um lagarök vísar stefnandi til reglna kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi kannast ekki við leigusamning milli sín og stefnanda á Eclair 16 mm og öllum aukahlutum, hvorki munnlegan né skriflegan. Þá kannast stefndi ekki við vinnuframlag stefnanda vegna kvikmyndarinnar Húseyjar. Stefndi kveður stefnanda vísa í samninga, sem séu ekki til. Eingöngu liggja fyrir ólögmatúr reikningur, sem forsvarsmaður stefnanda hafi skrifað stefnda vegna persónulegrar óvildar. Reikningurinn sé auk þess óskilgreindur. Þar sé krafist greiðslu vegna vinnu og tækjaleigu, en hvorki getið um verktaka né launþega. Þá sé hvorki getið um, hvenær umrædd leiga eða vinna hafi farið fram né hve margir aðilar hafi verið þar að verki. Stefndi kveður reikninga þá, sem lagðir hafa verið fram, vera ólögmatá og óskilgreinda, en hver sem er geti skrifað röklausa reikninga út í bláinn.

Niðurstaða.

Í málinu nýtur ekki skriflegra gagna um aðdragandann að samstarfi aðila við gerð myndarinnar, og engin vitni virðast hafa verið að viðræðum þeirra. Það er hins vegar ágreiningslaust, að stefndi hafði afnot af kvikmyndatökuvél stefnanda og að forsvarsmður stefnanda, Kári Schram, vann við töku myndarinnar um Húsey í upphafi.

Samkvæmt grunnsjónarmiðum þeim, er fram koma í 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, skal maður, sem fær hlut lánaðan, greiða fyrir afnotin, nema um annað hafi verið samið. Á sama hátt á að greiða mönnum laun fyrir vinnu þeirra, nema samið hafi verið um annað. Í þessu máli er það því stefnda að sanna, að hann hafi átt að hafa endurgjaldslaus afnot af kvikmyndatökuvélinni og ekki hafi átt að greiða Kára Schram fyrir vinnu hans.

Meðal gagna málsins er kynningarbæklingur um gerð myndarinnar, og er Kári Schram þar tilgreindur sem kvikmyndatökumaður og reyndar einnig sem hljóðupptökumaður, en ekki sem meðframleiðandi myndarinnar. Gunnar Helgi Helgason, er vann við gerð myndarinnar með stefnda, bar fyrir dómi, að hann hefði ekki átt að fá laun fyrir vinnu sína, fyrr en myndin færi að gefa af sér hagnað, og styður það framburð forsvarsmanns stefnanda um, að ekki hafi átt að greiða fyrir myndavélarlánið og vinnuna, fyrr en myndin færi að gefa af sér. Reikningur er því ekki gerður fyrr en 1994, eins og fram er komið. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins, að stefnda hafi hvorki tekist að sanna, að afnotin af myndavélinni né vinna Kára Schram hafi átt að vera endurgjaldslaus.

Að fenginni þeirri niðurstöðu, að stefnda beri að greiða leigu fyrir afnot af kvikmyndavélinni og laun fyrir vinnu Kára Schram, kemur til þess að taka afstöðu til fjárhæðar kröfunnar.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu fyrir afnot vélarinnar í 94½ dag, 4.000 kr. á dag, samtals 378.000 kr. Til hliðsjónar hefur hann lagt fram gjaldskrá frá Saga film, en samkvæmt henni er 16 mm kvikmyndavél með öllu leigð á 10.120 kr. á dag. Gjaldskráin tók gildi 1. ágúst 1988. Samkvæmt sömu gjaldskrá kostar útseld vinna kvikmyndatökumanns 16.800 kr. á dag, en stefndi er krafinn um 7.500 kr. á dag í 13 daga, samtals 97.500 kr. fyrir vinnu Kára Schram. Á framangreindar fjárhæðir er lagður virðisaukaskattur, 116.497 kr., og gera þessar þrjár tölur samanlagðar stefnuþjárhæðina, 591.997 kr.

Gögn málsins bera með sér, að taka myndarinnar tók langan tíma, og var kvikmyndavélin af þeim sökum lengi í vörslum stefnda. Af skýrslutökum fyrir dómi verður þó ekki ráðið með fullri vissu, hversu lengi nákvæmlega

hún var það eða hversu lengi vélin var notuð. Ljóst er þó, að hún var notuð vorið 1991, frá því í mars og fram í júní, og aftur í mars árið eftir. Dómurinn lítur svo á, að það sé stefnda að sanna þessi attriði, en það hefur honum ekki tekist, hvorki með því að leggja fram dagbækur né aðra skráningu. Krafa stefnanda um leigugreiðslu fyrir afnot í 94½ dag verður því tekin til greina, enda verður það vart talið ósanngjarnt, þegar litið er til þess, hversu langan tíma tók að gera myndina. Þá þykir mega fallast á fjárhæðina, sem stefnandi krefst, enda verður hún vart talin ósanngjörn miðað við framangreinda gjaldskrá. Stefndi hefur ekki heldur sýnt fram á, að sanngjarnara væri að miða við aðra gjaldskrá.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Kári Schram hafi unnið við myndatökur í 11 daga, einn dagur hafi farið til spillis vegna veðurs og annan hafi Kári notað til að fara til Reykjavíkur. Dómurinn lítur svo á, að greiða beri laun fyrir daginn, sem veður hindraði myndatökur, og ferðadaginn, enda hafa þeir verið Kára og stefnanda ónýtir til annarra verka. Er því fallist á, að greiða beri laun fyrir 13 daga vinnu og þá fjárhæð, sem krafist er, sem er byggð á framangreindri gjaldskrá, er vart verður talin ósanngjörn, enda ekki verið sýnt fram á, að svo sé.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnufjárhæðina með dráttarvöxtum, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði, en rétt þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum, að málskostnaður falli niður. Engin efni eru til, eins og mál þetta er vaxið, að dæma réttarfarssektir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þorfinnur Guðnason, greiði stefnanda, Andrá-kvikmynda-gerð hf., 591.997 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. júní 1994 til greiðsludags, og skulu dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. júní 1995.

Málskostnaður fellur niður.
